

LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR

ÁRSSKÝRSLA 2021-2022

ÁRSREIKNINGUR 2018



Ársskýrsla 2022

Landgræðslusjóður var stofnaður árið 1944. Megin hlutverk sjóðsins er að klæða landið skógi, en önnur landgræðsla og gróðurvernd er einnig á verksviði hans. Sjóðurinn veitir styrki til verkefna einstaklinga, stofnana og félaga á verksviði sjóðsins. Undanfarin ár hefur sjóðurinn úthlutað fé til félaga innan Skógræktarfélags Ísland en mörg þeirra eru lítil, félagsgjöldin lág og því litlar tekjur til framkvæmda. Það eru rúm 30 ár síðan Landgræðsluskóga átakið hófst og trén vaxið vel en nauðsynlegt er að grisja og til þess þarf stíga, tæki og fjármagn en þar getum við hjálpað. Í vor var sótt um í 24 verkefni en þar sem við styrkjum bara eitt hjá hverju félagi voru úthlutanirnar 21. Á síðasta ári setti stjórnin reglur um að skila þyrfti inn skýrslu um verkefni síðasta árs fyrir 31 mars en annars þyrfti að sækja aftur um. Allir náðu að skila á tilsettum tíma. Þá kom fram beiðni á síðasta aðalfundi um að upplýsingar um úthlutanir skyldu verða aðgengilegar, en upplýsingarnar eru nú aðgengilegar á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands skog.is undir Landgræðslusjóði.

Stjórnin

Stjórnina skipa frá Skógræktarfélagi Íslands. Þuríður Yngvadóttir, varaformaður SÍ og formaður Landgræðslusjóðs og Jónatan Garðarsson formaður SÍ. Frá Skógræktinni er það Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri, varaformaður LS og frá Landgræðslunni er Árni Bragason landgræðslustjóri, ritari LS. Lydía Rafnsdóttir Landgræðslu- og skógræktarfélaginu undir Jökli er svo kosin af aðalfundi til eins árs og til vara Jens Baldursson, Skógræktarfélagi Akranes.

Stjórnarfundir voru þrjár en ýmis samskipti hafa verið á netinu auk nokkurra funda sem við Lydía áttum með vörslukonu fjármagns okkar hjá Arionbanka.

Ársreikningur

Ársreikningurinn liggur frammi á netinu. Helstu lykiltölur úr ársreikningi fyrir 2021 eru þær að rekstrartekjur voru 981.530 kr., fjármuna- og fjármagnsgjöld voru 18.303.938 kr. og rekstrargjöld 3.514.420 kr. Meðalstaða vaxtarberandi eigna á árinu var 388.058.417 kr.

Samkvæmt reglum sjóðsins og að geyma 20% til erfiðari tíma varð til úthlutunar 14.193.943 kr.

Við Lydía heimsóttum okkar konu í bankanum og var útlitið fyrri hluta ársins ekki svo slæmt en aldrei að vita hvað gerist seinni hlutann.

Fræbankinn

Í fræbankanum eru 6,5 millj.kr. en ákveðið var að sækja fræ til fræbankans í Tarantsöy í Noregi en Covid hefur sett þar strik í reikninginn. Málið var sett í hendur Johan Holst, starfsmanns Skógræktarinnar.

Jarðir

Langibotn í Geirþjófsfirði er u.þ.b. 2500 ha í botni Arnarfjarðar á Vestfjörðum og keypti á sjötta áratugnum þáverandi skógræktarstjóri og formaður Landgræðslusjóðs, Hákon Bjarnason, hann fyrir Landgræðslusjóð. Þar var plantað nokkur þúsund plöntum sem hafa dafnað þokkalega en nokkur greni skógur er þar núna auk birkis sem dafnar þar vel. Fyrir rúmum tveimur árum hafði umhverfisráðherra samband og vildi gera þjóðgarð á þessu svæði, við vildum gjarnan losna við jörðina og fengum við fasteignasalann Snorra Snorrason til að gera mat. Fór hann með okkur í ferð um haustið til að skoða eignina. Mat hans varð 130 millj.kr. Þá fékk fjármálaráðuneytið sér annan fasteignasala og mat hann eignina á 25 millj.kr. Ekki samþykktum við það. Þá buðu þeir okkur að fá aðra skógræktarjörð í staðinn en ekki til eignar og sæti í nefnd til undirbúnings þjóðgarðsins. Formaður sótti fundina sem stóðu yfir allan veturinn en þegar átti að skrifa undir við hátíðlega athöfn á Hrafnseyri var allt stoppað. Þá ákváðum við að halda áfram með söluna og fengum við ýmis skráttin tilboð uns tilboð kom frá Eyjavinum í maí upp á 130 millj.kr. og tókum við því. Þá kom boð frá sýslumanni um að fornminjar væru á svæðinu þannig að ríkið hefði forkaupsrétt. Aftur varð bið en nú fyrir stuttu kom svar frá Umhverfisráðuneytinu um að fallið væri frá forkaupsréttinum. Þannig að nú hafa bæst við 130 millj.kr. við sjóðinn okkar í Arionbanka.

Ingunnarstaðir

Þeir eru í Kjósinni en fyrir nokkrum árum kom beiðni frá því opinbera að laga eignarhald á húseignum og landi sem var ekki í samræmi við núgildandi lög og reglur. Svona mál eru mjög erfið en við vorum svo heppin að fasteignasalinn, Snorri Snorrason, sem hafði áður unnið svona verk í Hornafirði og kunni til

verka, tók málið að sér. Eftir mikla þolinmæðisvinnu er núna staðan sú að ábúandinn, Guðrún Björnsdóttir, keypti hlut okkar í húsinu samkvæmt mati fasteignasalans á 7 millj.kr. og þau útihús sem þar eru á 1 ha í kring. Annað háflklárað hús er á staðnum sem Guðrún og systkini hennar eiga og fengu þau ½ ha undir húsið til leigu. Nú heitir jörðin Ingunnarstaðir 1, Guðrúnarhús er nr. 2 og hálfbyggða húsið nr. 3. Mikil skógrækt er á jörðinni sem Skógræktarfélag Íslands og nokkur skógræktarfélög nýta sér. Enn eigum við hlut í ánni og veiðitekjur eru um 300 þús.kr. á ári.

Lokaorð

Við erum enn þá ekki búin að ákveða hvað við gerum við þetta nýja fjármagn þ.e. hvernig við látum það ávaxta sig en það er í góðri vörslu eins og er. Tímarnir eru alltaf að breytast, nú eru loftlagsmálin að hafa mikil áhrif á skógrækt. Landgræðsla er mjög mikilvæg í okkar eldfjallalandi, ekki langt síðan að vikurinn fyllti öndunarfærin ef farið var á fjöll. Við þurfum að ráðstafa fjármagninu í réttan farveg og halda uppi merki Landgræðslusjóðs.

Takk fyrir,

Þuríður Yngvadóttir